

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 430/2021, um almennan stuðning við landbúnað.

1. gr.

3. mgr. 22. gr. a. reglugerðarinnar orðast svo:

Heildarframlög til sérstakra tækjastyrkja skv. 1. mgr. verða að hámarki 30 milljónir króna á ári, með fyrirvara um nauðsynlegar fjárheimildir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búnaðarlögum, nr. 70/1998, og búvörulögum, nr. 99/1993. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 30. mars 2026.

Hanna Katrín Friðriksson.

Elisabet Anna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 20. apríl 2026